


UPPLÝSINGAR

FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í *MSH6* GENI

- MSH6** Niðurstaða erfðarannsóknar leiddi í ljós að þú berð meinvaldandi breytingu í *MSH6* geni. Þessi breyting heitir MSH6 NM_000179.2:c.1754T>C (p.Leu585Pro) og er talin líklega meinvaldandi.
- Krabbameinsáhætta** Þessari breytingu fylgir aukin áhætta á arfgengu krabbameini. Það er mikilvægt að muna að það er EKKI samasemmerki á milli þess að vera með breytinguna og að fá krabbamein.
- Hvað tekur nú við?** Þér verður vísað í eftirlit eftir því sem við á. Áhættuminnkandi aðgerðir geta einnig komið til greina. Best er að ræða þann kost við sérfræðilækna.
- Ættingjar** Fleiri í fjölskyldu þinni gætu borið þessa sömu breytingu og hægt er að kanna hvort svo sé með erfðarannsókn.




Erfðamáti *MSH6* breytingar.

Það eru helmingslíkur á að foreldri sem ber breytinguna gefi hana áfram til sinna barna. Myndin sýnir að jafn líklegt er að karlar og konur beri breytinguna og þau geta gefið hana áfram jafnt til sona sinna og dætra.

- Annað eintak gensins ber meinvaldandi breytingu
- Hvorugt eintak gensins ber meinvaldandi breytingu

UPPLÝSINGAR FYRIR EINSTAKLINGA MEÐ MEINVALDANDI BREYTINGU Í *MSH6* GENI

Niðurstaða	Meinvaldandi	<i>MSH6</i> breytingin sem fannst hjá þér er meinvaldandi og hefur verið tengd við arfgengt krabbamein
Erfðamáti	Breyting í <i>MSH6</i> geni erfist með ríkjandi hætti	Allir hafa tvö eintök af hverju geni og erfa eitt eintak frá hvoru foreldri. Meinvaldandi breyting í öðru eintaki <i>MSH6</i> gens getur aukið líkur á að þú fái ákveðnar tegundir krabbameina.
Krabbameinsáhætta	Aukin	Meinvaldandi breyting í þessu geni orsakar heilkenni sem heitir Lynch. Það hefur í för með sér auknar líkur á því að fá krabbamein í ristil og lífhimnu.
Eftirlit	 Konur og karlar	Bæði körlum og konum sem bera meinvaldandi breytingu í <i>MSH6</i> geni er ráðlagt að vera í eftirliti hjá meltingafæralæknum og konum einnig hjá kvensjúkdómalæknum.
Áhættuminnkandi aðgerðir	Breytilegt	Ákvarðanir tengdar áhættuminnkandi aðgerðum geta verið persónulegar og ákvarðast af fjölda mismunandi þátta. Best er að ræða þennan kost við sérfræðilækna.
Ættingjar	50% líkur - erfist óháð kyni	Þú hefur erft breytinguna frá öðru foreldra þinna. Helmingslíkur eru á að þín börn og systkini beri þessa sömu breytingu. Breytingin gæti einnig fundist í fjarskyldari ættingjum. Mögulega er hægt að rekja breytinguna í fjölskyldunni. ATH. ekki er ástæða til að gera erfðarannsóknir hjá börnum yngri en 18 ára.
Næstu skref	Upplýsingagjöf til ættingja	Við mælum með því að þú deilir þessum upplýsingum til ættingja þinna svo þeir hafi tækifæri til þess að kynna sér málið. Þeim er velkomið að hafa samband við Erfðaráðgjöf Landspítalans hafi þau hug á að koma í erfðaráðgjöf og/eða erfðarannsókn. Síminn er 543 50 70 og póstfangið esd@landspitali.is
Tenglar	Frekari upplýsingar	<ul style="list-style-type: none">• Heimasíða Landspítalans – www.lsh.is• Krabbameinsfélagið – www.krabb.is• Áhættureiknivél – www.ask2me.org• Upplýsingasíða um Lynch heilkenni - https://lynchcancers.com/• Læknablaðið - https://www.laeknabladid.is/tolublod/2014/02/nr/5067• Hópar á samfélagsmiðlum